

Veik og sterk beyging sagnorða

Veik beyging:

- Veikar sagnir enda á **–aði, -ði, -di** eða **–ti** í 1.p.et.pt.
- Veikar sagnir hafa þrjár kennimyndir:

<u>1.kennimynd</u>	<u>2.kennimynd</u>	<u>3.kennimynd</u>
nh.	1.p.et.fh.pt.	lh.pt. í hk.et.nf.
að	ég í gær	ég hef
<i>borða</i>	<i>borðaði</i>	<i>borðað</i>
<i>segja</i>	<i>sagði</i>	<i>sagt</i>
<i>missa</i>	<i>missti</i>	<i>misst</i>

Sterk beyging:

- Sterkar sagnir eru endingarlausar í 1.p.et.fh. í þátíð
 - Dæmi: Ég **datt, flaug, ,bar, gaf, tók, hljóp.**
- Sterkar sagnir hafa fjórar kennimyndir:

<u>1.kennimynd</u>	<u>2.kennimynd</u>	<u>3.kennimynd</u>	<u>4.kennimynd</u>
nh.	1.p.et.fh.pt.	1.p.ft.fh.pt.	lh.pt. í hk.et.nf.
að	ég í gær	við í gær	ég hef
<i>detta</i>	<i>datt</i>	<i>duttum</i>	<i>dottið</i>
<i>fljúga</i>	<i>flaug</i>	<i>flugum</i>	<i>flogið</i>